

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

165

10. okt.

— *Brjef landshöfðingja til bággja amtmanna um björgun á strönduðum fjármunum.* — Um leið og jeg leiði athygli yðar, herra amtmaður, að brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 17. sept. þ. á. um björgunarsamninga, er prentað er í stjórnartíðindum þ. á. B. 135., vil jeg mælast til þess, að þjer brýnið fyrir sýslumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir, innihald þessa brjefs og tjáið þeim, að þeir megi ekki búast við að fá endurgoldið úr landssjóði fje það, er þeir kynnu að leggja út fyrir björgun skipa og vara fram yfir það, er fá megi inn aptur með því að selja hina björguðu fjármuni á uppboði þar á staðnum, og ber hverjum lögreglustjóra að sjá um, að bjarglaun skips og vara aldrei verði meir en andvirði þess, sem bjargað er.

166

8. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um brunngjörð á þjóðeign.* — Í brjefi frá 14. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef frá búöndum í hinni svo nefndu Ofanbyggjara girðing á Vestmannaeyjum um að fá 126 kr. eða að minnsta kosti 96 kr. styrk úr landssjóði til að gjöra nýjan brunn í nefndri girðingu. Í bónarbrjefinu og álitu sýslumannsins er tekið fram, að þeir sem búi í nefndri girðingu, sjeu auk prestsins á Ofanleiti landsetar landssjóðsins, og að afleiðingin af því, að hinn umræddi styrkur fengist ekki veittur, myndi verða, að land-skuldir tjeðra búanda lækkuðu talsvert. En hvað sem nú þessu líður, verð jeg að álita það svo óvenjulegt að veita slíkan styrk og þann, er hjer er farið fram á, að fjárlög landsins veiti ekki nægilega heimild til slíkra veitinga, og með því að jeg hefi ekki umráð á öðru fje, er veita mætti slíkan styrk af, vil jeg biðja yður að tjá beiðöndunum, að jeg sjái mjer ekki fært að taka beiðni þeirra til greina.

167

10. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sönnun á fœðingarstað sveitarómaga.* — Hinn 28. dag ágústmánaðar 1876 úrskurðuðu þjer, herra amtmaður, að Einar nokkur Pjetursson væri sveitlægur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu, og að þessi hreppur ætti að endurgjalda Geithellnahreppi sveitarstyrk þann, er Einar og hyski hans rjettilega hefði verið lagður af Geithellnahreppi. Úrskurður þessi er byggður á, að Einar sje fœddur í Svalbarðshreppi; en með því að hreppsnefndin í þessum hreppi áleit þetta ekki nægilega sannað, áfrýjaði hún úrskurði yðar hingað, og vil jeg nú eptir að hafa meðtekið þær ítarlegri skýrslur, sem leit að hefir verið sumpart í Norður-Múlasýslu, sumpart í Þingeyjarsýslu, tjá yður það, er eptir fer, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Samkvæmt vottorði prestsins á Svalbarði hafa þau árin, er greindur Einar hefir átt að fœðast alls ekkert verið innfært í kirkjubækurnar í nefndu prestakalli. Þar á móti sjest það af manntalsbók Þingeyjarsýslu, er virðist koma í þessu tilliti heim við sveitarbók Svalbarðshrepps, að faðir Einars hafi vorin 1844 og 1845 búið í Hvappi í Pistilfirði, og virðist það einnig nægilega ljóst, að hann hafi flutt sig þangað frá Hólsseli á Fjöllum. Þegar Einar fyrst var yfirheyrður af hreppstjóranum í Geithellnahreppi um framfærsluhrepp sinn, skýrði hann frá, að hann væri fœddur um miðsumarsleiti (13. viku sumars) 1843 í Hvappi og þenna framburð staðfesti hann síðar fyrir rjetti, um leið og hann skýrði frá, að foreldrar hans hefðu að eins búið 2 ár í Hvappi, og að hann væri